

Starfsskýrsla æskulýðsnefndar Dreyra fyrir starfsárið 2007.

- **25.janúar. Fundur æskulýðsnefndar Dreyra.**

Unnið að drögum að vetrardagskrá.

- **2 mars.** Skemmtikvöld í félagshemilinu að Æðarodda

Við ræddum um okkar sameiginlega áhugamál hestamennskuna og sérstakar óskir krakkana fyrir veturinn og vorið 2007. Krakkarnir sögðu svo frá hestunum sínum og sinni hestamennsku Síðan fórum við í leiki og spiluðum. Áhugi á að fara á Æskan og hesturinn kannaður og skipulögð var ferð á þá sýningu. Að því loknu voru pizzur og gos í boði. Það voru 17 krakkar mættu á aldrinum 4- 17 ára og skemmtu sér mjög vel.

- **11 mars.** Æskan og hesturinn

Ferð suður til Reykjavíkur. 12 krakkar tóku þátt í skipulagðri ferð en u.þ.b. 5-6 fóru á eigin vegum. Mikil ánægja með sýninguna og ferðina.

- **Um miðjan mars:** Fundarherferð æskulýðsnefndar LH í Borgarnesi.

Ása Hólmarsdóttir sótti fróðlegan fund.

- **13-15 apríl og 28-30 apríl.** Reiðnámskeið á Æðarodda

Kennt var í 3 hópum og kennari var Lárus Hannesson. 17 krakkar á aldrinum 8 -16 ára, tóku þátt, þrátt fyrir rigingu og ansi blautar aðstæður. Helena Bergström tók yngstu börnin í tíma í litla hringgerðinu. Í yngsta hópnum voru 5 áhugasamir krakkar á aldrinum 4-8 ára.

- **1.maí 60 ára afmæli Dreyra.** Sýning og keppni.

Allir þátttakendur á reiðnámskeiðinu tóku þátt í sérstakri afmælis- skrautsýningu og margir kepptu að henni lokinni í firmakeppni Dreyra. Unga fólkið okkar skartaði nýjum Dreyrapeysum sem voru pantaðar í tilefni afmælissins. Sýningin tókst mjög vel.

- **Maí. Sunnudagar í Æðarodda**

Eftir velheppnað reiðnámskeið var ákveðið að hittast á Æðarodda alla sunnudaga í maí með reiðskjótana og fara í útreiðartúr eða gera eitthvað skemmtilegt. Veðrið setti strik í reikninginn næstsíðasta sunnudaginn og engar útreiðar þá. En sunnudaginn 27.maí var farið í góðan reiðtúr með nokkrum foreldrum og svo grill á eftir. 12 börn og 5 foreldrar.

- **8.-9.júní Hestaferð**

Það var fallegur hópur sem fór frá Æðarodda 8. júní og stefndi á Vestri –Leirárgarða í Leirársveit. Við fórum yfir fjöruna í Grunnafirði, við Arkarlæk, og riðum yfir að Beitistöðum. Þar fengum við kaffisopa og með því því næst fórum við að Vestri-Leirárgörðum þar sem hestarnir voru skildir eftir yfir nóttina. Hópurinn gisti síðan í Heiðarskóla í Leirársveit og þar grilluðum við góðan mat og héldum kvöldvöku. Þetta var góður dagur þrátt fyrir að einhver hafi lekið af baki og annar datt í stóran poll.

Daginn eftir var svo riðið heim, þ.e Akurnesingar fóru á Skagann en Hvalfjarðarsveitarbörnin til sins heima. Tímasetning fyrir fjörureið hentaði ekki þann daginn og vegurinn tekinn heim. Mjög gaman þrátt fyrir rigningu. 8 krakkar, 6- 15 ára, og 3 foreldrar fóru ríðandi en fleiri voru með í kvöldvöku og gistingu í Heiðarskóla.

.

- **1-2 september. Haust-hestaferð**

Gert var ráð fyrir hestaferð 1.-2. september með gistingu á Grímsstöðum í Borgarfirði. En vegna leiðinda veðurs og þar af leiðandi ekki nægilegri þátttöku var hætt við þá ferð. Ferðin verður þó farin næsta haust og sett inn á dagskrá Dreyra fyrir næsta ár, 2008..

- **6.október. Ráðstefna.** Æskulýðsnefnd LH í Reykjavík.

Helena Bergström og Ása Hólmarsdóttir fóru og tóku þátt í góðri og fróðlegri ráðstefnu. Við mælum með að slík ráðstefna fyrir æskulýðsnefndir hestamannafélaga sé haldin á hverju ári.

Það eru um það bil 20 virk börn í félaginu frá aldrinum 4 – 17 ára, sem búa bæði á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit.

Æskulýðsnefnd Dreyra.

Helena Bergström

Ása Hólmarsdóttir

Guðleif Hallgrímsdóttir

